

Sp.

244. Tillaga til þingsályktunar

[124. mál]

um landtökuvita á Norðausturlandi.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að hið bráðasta verði reistur öflugur landtökuviti (radioviti) á Norðausturlandi, á þeim stað, sem kunn-
áttumenn telja best til þess fallinn.

Greinargerð.

Meðal þeirra tæknilegu framfara, sem hafa rutt sér til rúms á síðari árum, er það, að stór hluti skipastóls þjóðarinnar hefur verið búinn miðunartækjum. Svo er um allan verzlunarflota okkar og togaraflotann og enn fremur verulegan hluta vélbátaflotans, t. d. Svíþjóðarbátana svonefndu, og ýmis önnur vélskip, sem byggð hafa verið eða keypt til landsins á síðustu árum.

En þessi dýru og nauðsynlegu tæki koma að litlum notum víða við strendur landsins, vegna þess að ekki eru til staðar radiovitar, sem skipin geti náð til með miðunartækjum sínum og þannig gert öruggar staðarákvarðanir. Aðeins á Suðvesturlandi er vel séð fyrir þessum hlutum, svo að jafnvel mætti kalla ofrausn, því að þar eru þrír öflugir radiovitar hlið við hlið, einn á Reykjanesi, annar á Álftanesi og hinn þriðji á Seltjarnarnesi.

Nú er það hins vegar svo, að þótt siglingar séu miklar til Suðvesturlandsins og fjólsótt fiskimið á þeim slóðum, þá er samt engan veginn nóg að hugsa aðeins um þann landshluta í þessum efnum, því að hið sama gildir um aðra landshluta í vaxandi mæli. Eftir að togaraútgerð hefur vaxið upp á Norður- og Austurlandi, hefur fjölgað að mun þeim skipum, sem iðulega þurfa að taka land á þessu svæði, ýmist er þau koma úr veiðiferðum eða erlendis frá eftir að hafa siglt út með afla sinn.

Hið sama gildir og um síldveiðiskipin, sem t. d. síðastliðið sumar urðu að leita síldarinnar allt upp í 100 mílur til hafs út af Norðausturlandinu og leita síðan lands, oft í svartapöku og misjöfnu veðri, enda mörg dæmi þess, að síldveiðiskip, sem leitað hafa síldar, þvers og kruss, án landsýnar um lengri tíma, hafa ekki getað ákveðið stöðu sína og lent í erfiðleikum af þeim sökum.

Öflugur radioviti, sem staðsettur væri þar á Norðausturlandinu, sem kunnáttumenn í þessum sökum teldu hann best settan, mundi bæta að verulegu leyti úr brýnni þörf í þessum efnum, og er tillagan flutt með það fyrir augum.